

„Skáldskapurinn vaknar inni í mér“



Myndskreytingar Júrijs M. Ígnatjev
við skáldsöguna
Jevgeníj Onegín
eftir Alexander S. Púshkín

SÝNING Í
LANDSBÓKASAFNI ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFNI
21. OKTÓBER - 31. DESEMBER 2016




Júrij Míkhajlovítsj Ígnatjev (1930-1992) var rússneskur listmálari og grafiklistamaður, kunnur fyrir myndskreytingar við sígild bókmenntaverk, bæði rússnesk og erlend. Hann fæddist í Vladíkavkaz. Árið 1957 útskrifaðist hann úr Súríkov-listaháskólanum í Moskvu. Myndskreytingar og grafík urðu hans ævistarf. Myndlistarsafnarar og sérfræðingar þekkja vatnslitamálverk Júrijs M. Ígnatjevs vel. Myndskreytingar eftir hann, einkum vatnslitamyndir, má finna í mörgum listaöfnum í Rússlandi og einkasöfnum um allan heim.





Ígnatjev er talinn til 100 helstu rússneskra grafi-
listamanna á 20. öld, en verk þeirra allra eru varðveitt
í Myndskreytingastofu Heimsbókmenntastofnunar
Vísindaakademíu Rússlands. Júríj M. Ígnatjev tók þátt
í fjölmörgum sýningum og viðburðum sem tengjast
bókaútgáfu. Hann myndskreytti yfir 150 bækur, m.a.
ljóðabækur eftir skáld eins og Tjútjev, Baratynskíj,
Venevítinov, skáldverk eftir Beaumarchais, Prévost,
leikrit eftir A. Ostrovskíj og smásögur eftir Leo Tolstoj.





Þjóðskáldið Alexander Púshkín hafði alltaf sérstöðu í huga listamannsins. Myndlistarferill Júríjs M. Ígnatjevs byrjaði einmitt með myndskreytingu skáldsögunnar *Jevgeníj Onegín*, en sú bók kom út árið 1959 og var þá talin ein af 50 bestu bókum ársins.

Hann myndskreytti úrvalsverk Púshkíns, *Pétur og Maríu* og *Spaðadrottninguna*. Myndirnar eru vel gerðar og bera vott um nákvæma þekkingu og áhuga á viðkomandi tímabili sögunnar. Það er eins og listamanninum finnst jafn eðlilegt að mála mann með pípuhatt og vængjafrakka og samtímamenn sína.





Margar vatnslitamyndir Ígnatjevs eru einnig tengdar skáldskap Púshkíns, enda sýna þær landslag úr Tsarskoje selo og Sankti-Pétursborg.

Á seinustu árum sínum vann Júrj M. Ígnatjev að nýjum myndskreytingum við skáldsöguna *Jevgenj Onegín* eftir Alexander Púshkín. Myndaflokkurinn varð til í tilefni af 200 ára afmæli þjóðskáldsins. Samtals voru málaðar 78 vatnslitamyndir fyrir nýju útgáfuna. Senurnar urðu til á svipstundu. Það er einkum einfaldleiki sem einkennir þessar myndir. Þær eru málaðar á mjög leikrænan, frjálslegan og léttan hátt og búa yfir sérstökum stíl. Á sama hátt og tónlistarmenn galdra fram tónverk úr einstökum hljóðum, skapar myndlistarmaðurinn nýjan veruleika úr einstökum línunum. Og lesandinn er með í sköpunarfrelsinu.





Skáldsagan eftir Púshkín myndskreytt af Júrj M. Ígnatjev kom út afmælisárið 1999. Það var ekkja myndlistarmannsins Inna Zínovjevna Ígnatjeva sem lét draum hans rætast. Myndaflokkurinn er varðveittur í safni í Púshkínþjóðgarðinum.



ALRÍKISMENNINGARSTOFNUNIN MÍKHAILOVSKOJE
BÓKMENNTA-, SÖGU- OG NÁTTÚRUMINJASAFN
SEM ER TILEINKAÐ A. S. PÚSHKÍN (PÚSHKÍNÞJÓÐGARÐUR)
SENDIRÁÐ RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKISINS
RÍKISVÍSINDABÓKASAFNIÐ Í PSKOVHÉRAÐI